



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 14. September 2010

Til þeirra er málið varðar

Á undanförunum misserum hefur Reiknistofa í veðurfræði unnið að þróun vefbundinna veðurspáa með þarfir almannavarna og björgunarsveita í huga. Markmiðið með þessari vinnu hefur verið að koma upp kerfi sem reiknar og birtir veðurspár eftir pöntun frá skilgreindum notendum.

Starfsmenn almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa átt þátt í þróun þessa vefbundna spákerfis með því að setja fram hugmyndir um virkni kerfisins. Þeasar kröfur hafa verið settar fram á grundvelli reynslu sem viðkomandi starfsmenn hafa öðlast við stjórnun almannavarna- og björgunaraðgerða af ýmsum toga, s.s. leit að týndu fólki, björgunaraðgerðum og stjórn annarra aðgerða í eldgosum, óveðrum og annarskonar náttúruhamförum.

Upplýsingar um veður og veðurspár eru grundvallarupplýsingar sem þörf er fyrir við stjórn hverskonar almannavarna- eða björgunaraðgerða. Til að gera sér grein fyrir því hversu títt slíkar upplýsingar eru notaðar má geta þess að Samhæfingarstöð almannavarna var virkjuð til starfa í 71 skipti árið 2008. Í 36 skipti var verið að stýra þar leit að týndu fólki, í 12 skipti aðstoð vegna óveðurs og í sjö skipti vegna flugatvika af einhverju tagi. Þá má einnig geta þess að árið 2008 voru skráðar 3097 aðgerðir í aðgerðagrunn slysavarnafélagsins Landsbjargar en 2940 árið 2009.

Reiknistofa í veðurfræði hefur nýtt raunverulegar aðgerðir til að prófa og þróa vefbundna spákerfið. Þegar jarðskjálftinn reið yfir Haiti í byrjun þessa árs setti Reiknistofan upp vefbundið spákerfi fyrir Haiti á tveimur klukkustundum. Þetta spákerfi var notað jafnt af alþjóðabjörgunarsveit slysavarnafélagsins Landsbjargar sem og björgunarsveitum frá öðrum löndum.

Reiknistofa í Veðurfræði setti upp sérstakar spár fyrir svæðið umhverfis Eyjafjallajökul meðan á eldgosinu þar stóð. Þessi þjónusta reyndist ómetanleg fyrir þá sem stýrðu aðgerðum því þessar spár voru mun nákvæmari en aðrar veðurspár sem aðgengilegar voru. Þegar unnið er á og umhverfis svo há fjöll er mikilvægt að hafa nákvæmar og áreiðanlegar veðurspár því veður geta verið svo ólík á stöðum sem stutt er á milli. Þar ræður landslagið og áhrif þess á vind og úrkomu mestu.

Meðan á eldgosinu í Eyjafjallajökli stóð voru veðurspár notaðar til að reikna út hvar mætti helst búast við öskufalli og öskufoki en nú eru þær notaðar til að sjá fyrir um öskufok og til að átta sig á hvar búast megi við gjósku- eða eðjuflóðum. Það er viðbúið að bæði öskufok verði umhverfis Eyjafjallajökul næstu misseri eða ár og að gjósku- eða eðjuflóð verði á jöklinum og í undirhlíðum hans næstu misseri.

Víðir Reynisson

Deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra